

**Leyfi ORF Líftækni hf.,  
kt. 420201-3540,  
vegna starfsemi með erfðabreyttar lífverur  
í gróðrarstöð Barra hf.,  
Valgerðarstöðum 4.**

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, og reglugerðar nr. 276/2002, um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera, sem og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

## **I. ALMENN ÁKVÆÐI**

### **1.1 Rekstraraðili**

Leyfi þetta gildir fyrir ORF Líftækni hf., kt. 420201-3540, í gróðrarstöð Barra hf., Valgerðarstöðum 4, 701 Egilsstöðum, til afmarkaðrar notkunar á erfðabreyttum lífverum. ORF Líftækni hf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um til Umhverfisstofnunar að leyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt leyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

### **1.2 Umfang starfseminnar**

Rekstraraðila er heimil sáning, innræktun og uppskera á erfðabreyttu byggi [sem nemur um 1000 kg korni á ári, í gróðurhúsum sem gerð er grein fyrir í auglýsingu Nr. 275 frá 13. febrúar 2009 um deiliskipulag fyrir gróðrarstöð] Barra hf., Valgerðarstöðum 4, [Fljótsdalshéraði (byggingarreitir c og d)]. Heimilt er að rækta þær bygglínur sem fram koma í umsókn ORF Líftækni hf., dags. 21. október 2010. [Sáning í bakka fer fram í byggingu fyrir sáningu og pökkunaraðstöðu (byggingareitur a) og geymsla korns í frysti og kæligeymslu (byggingareitur b).]

### **1.3 Mengunarvarnir**

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir).

### **1.4 Brevtingar á rekstri**

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær. Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun án tafar ef breytt er aðstöðu þar sem fram fer afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera eða flokkun erfðabreyttra lífvera breytist.

### **1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar**

Tilkynna skal Umhverfisstofnun þegar starfsemin hefst. Verði starfseminni hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangur verði brenndur á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, búnaði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku leyfis þessa. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um fyrirhugaða stöðvun rekstrar með minnst mánaðar fyrirvara.

### **1.6 Endurgangsetning rekstrar**

Ef starfsemin er stöðvuð lengur en hálftr ár á gildistíma leyfisins skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar og jafnframt ef og þegar starfsemi hefst á ný.

### **1.7 Endurskoðun leyfis og breyttar forsendur**

Endurskoða skal leyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef umhverfisáhrif af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð leyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir, eða ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni sem varða starfsemina, skal rekstraraðili hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er í samráði við Umhverfisstofnun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun leyfis sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Rekstraraðil skal sækja um nýtt leyfi, ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar, skv. 2. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Sbr. 5. gr. laga nr. 18/1996 getur Umhverfisstofnun „*afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt lögum þessu ef áhætta af leyföri starfsemi eykst, flokkun erfðabreyttra lífvera breytist, nýjar upplýsingar liggja fyrir um að áhætta af starfseminni hafi verið vanmetin, ný tækni gerir það að verkum að mögulegt er að takmarka frekar en gert er áhættu fyrir heilsu manna og umhverfi eða ef brotið er gegn lögum og reglum sem um starfsemina gilda*“.

### **1.8 Upplýsingaráttur almennings**

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um leyfi og leyfisumsókn að undanskildum þeim atriðum sem Umhverfisstofnun hefur fallist á að teljist vera trúnaðarmál, sbr. reglugerð nr. 276/2002, um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera annarra en örvera.

### **1.9 Valdsvið og þvingunarúrræði**

Ef rekstraraðili fylgir ekki skilyrðum leyfisins eða fyrirmælum Umhverfisstofnunar getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur. Umhverfisstofnun er þannig heimilt að veita rekstraraðila áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta og ákveða rekstraraðila dagsektir sinni hann ekki tilmælum stofnunarinnar. Jafnframt er stofnuninni heimilt að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sem tilgreind er í þessu leyfi, sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarlegt tilvik og ef með þarf.

Brot á lögum nr. 18/1996, varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef sakir eru miklar.

## **2. VARNIR GEVN MENGUN YTRA UMHVERFIS**

### VATN

#### **2.1 Frárennsli**

Rekstraraðili skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Sbr. viðauka 2 í reglugerð nr. 276/2002 skal frárennslisvatn vera „*dauðhreinsað með*

*viðurkenndum aðferðum“* áður en það er leitt út úr gróðurhúsinu. Jarðvegssía eða annar útbúnaður sem getur síð frá öll byggfræ skal vera til staðar, og uppfylla þar með ofangreinda kröfу reglugerðarinnar. Slíkur útbúnaður skal einnig vera til staðar á frárennsli aðstöðuhúss (sáningarhús), sem tengist sáningu og hreinsun bakka.

## ÚRGANGUR

### **2.2 Skráning úrgangs**

Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

### **2.3 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna**

Brenna skal allan úrgang sem fellur til í starfseminni á viðurkenndum brennslustað og skila spilliefnum í spilliefnamóttöku.

### **2.4 Takmörkun á útbreiðslu erfðabreyttra lífvera**

Hefta skal útbreiðslu erfðabreyttra lífvera samkvæmt sérstakri áætlun sem endurskoða skal reglulega. Miða skal við að tryggt sé að engin áhrif séu á lífriki utan gróðurhússins. Áætlunin skal lögð fyrir Umhverfisstofnun fyrir 1. maí 2011 og ber rekstraraðila að leita samþykkis Umhverfisstofnunar á henni.

## ANNAÐ

### **2.5 Afmörkunarráðstafanir**

Starfsemi þessi fellur undir afmörkunarflokk 1. skv. viðauka 2 í reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabrettra lífvera, annarra en örvera, og því gilda eftirfarandi skilyrði:

- Rekstraraðili skal tryggja að loft frá gróðurhúsinu innihaldi sem minnst af lífverum.
- Rekstraraðili skal tryggja að þéttibúnaður sé þannig úr garði gerður að sem minnst af lífverum berist út.
- Rekstraraðili skal standa að sýnatöku, viðbót á efnum til gróðurhússins og flutningi á lífverum til annars lokaðs kerfis með þeim hætti að sem minnst af erfðabreyttum lífverum berist út.
- Rekstraraðili skal sjá til þess að starfsfólk skuli klæðast hlífðarfötum (vinnufötum) og hafi aðgang að hreinsunar- og þvottaaðstöðu.

Aðrar ráðstafanir:

Rekstraraðili skal sjá til þess að gróðurhúsið sé ávallt heilt. Rekstraraðili þarf að leggja fram áætlun við veðurskaða á gróðurhúsinu, þar sem farið er yfir fyrstu viðbrögð, viðgerðir og viðgerðarefni sem þarf að vera til staðar.

Sáning í bakka fer fram í aðstöðuhúsi (sáningarhús) þar sem er séræfð aðstaða og tækjakostur til sjálfvirkrar áfyllingar og sáningar. Rekstraraðili þarf að fá samþykki Umhverfisstofnunar á verklagi við flutning sáðbakka yfir í gróðurhús, og á áætlun um hvernig sáningarhús og tæki eru hreinsuð áður en það er notað í aðra starfsemi.

Rekstraraðili skal sjá til þess að takmarkaður sé aðgangur að sáningaráðslu (þegar sáning erfðabreytts byggs á sér stað) og gróðurhúsi, svo sem með læsingu dyra og með virku öryggiskerfi.

Ef erfðabreytt heilkorn er geymt í kæligeymslu gróðrarstöðvarinnar þarf einnig að tilgreina umbúðir, verklag við flutning og takmarka aðgang að þeirri geymslu.

Ef þurrkgámur er notaður við þurrkun uppskeru þarf rekstraraðila að fá samþykki Umhverfisstofnunar á því fyrirkomulagi.

Ofangreindar ráðstafanir þarf að uppfylla áður en ræktun erfðabreytts byggs getur hafist, og eiga síðan að vera hluti af sérstakri áætlun um takmörkun á útbreiðslu erfðabreyttra lífvera, sem skal endurskoða reglulega sbr. gr. 2.4.

## **2.6 Öryggisblöð**

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt lögum nr. 45/2008 um efni og efnablöndur og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

## **3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA**

### **3.1 Vinnudagbók**

Rekstraraðli skal færa vinnudagbók, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 276/2002. Eftirfarandi upplýsingar skulu færðar inn í hana:

- Nýting á sáningar- og gróðurhúsi.
- Bygglinur sem eru ræktaðar.
- Upplýsingar um sáningu, umfang og dagsetningar í sáningar- og gróðurhúsi.
- Upplýsingar um uppskeru ásamt dagsetningum.
- Magn úrgangs sem fer til förgunar ásamt dagsetningum.
- Aðgerðir til að sótthreinsa jarðveg (við endurnýtingu jarðvegs).
- Eftirlit á hvort erfðabreyttar lífverur finnast utan gróðurhússins, þ.m.t. allt svæði sem gróðrastöðin nær yfir.
- Viðhald, eftirlit og bilanir í starfstöð (þ.m.t. öryggiskerfi) sem gætu haft áhrif á mengunarhættu ásamt dagsetningum.
- Breytingar á tækjabúnaði á rekstrartíma.
- Mengunaróhöpp, skemmdarverk og tilraunir til skemmdarverka og viðbrögð við þeim.
- Þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 4.4.

### **3.2 Rekstrarskýrslur**

Rekstraraðili skal fyrir 1. maí ár hvert skila til Umhverfisstofnunar yfirlitsskýrslu vegna ársins á undan um þær upplýsingar sem eru skráðar í vinnudagbók sbr. gr. 3.1. Þetta á við þó að tilkynningar hafi komið fram áður samkvæmt gr. 4.5.

### **3.3 Öryggisráðstafanir**

Rekstraraðili skal framkvæma viðeigandi prófanir og viðhald á varnabúnaði og tækjum.

Rekstraraðili skal kanna a.m.k. einu sinni á ári kanna hvort erfðabreyttar lífverur finnast utan gróðurhússins.

Rekstraraðili skal sjá til þess að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun.

## **4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ**

### **4.1 Starfshættir**

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því á lagi á umhverfið sem starfsemi sáningar- og gróðurhúss veldur, þ.m.t. starfshættir, hávaði, öll meðferð úrgangs og förgun. Rekstraraðili skal stuðla að góðri nýtingu efna og orku og því að losun mengunarefna verði eins lítil og kostur er og hindra alla erfðablöndun við umhverfið utan starfstöðvar.

### **4.2 Samskipti**

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við Umhverfisstofnun og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum gróðurhússins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Umhverfisstofnun getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Umhverfisstofnun hefur jafnframt sérstakan tengilið við rekstraraðila og skulu tilkynningar skv. gr. 4.5 sendar einnig á þennan tengilið.

### **4.3 Umhverfisstjórnun og markmið**

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 990/2005, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

### **4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun**

Rekstaraðili skal gera áhættumat og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 9. og 15. gr. reglugerðar nr. 276/2002. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun, skemmdarverkum og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp, skemmdarverk eða tilraun til skemmdarverka. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á starfseminni og mengunarhættu hennar vegna, auk hættu vegna efnameðhöndlunar. Viðbragðsáætlun skal vera aðgengileg Umhverfisstofnun fyrir leyfisveitingu.

### **4.5 Tilkynning vegna mengunaróhappa**

Verði slys vegna afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera ber rekstraraðila að tilkynna það án tafar til Umhverfisstofnunar. Slík tilkynning skal innihalda upplýsingar um:

- (a) tildög slyssins;
- (b) tegund og magn erfðabreyttra lífvera sem sloppið hafa út;
- (c) allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta áhrif slyssins á heilsu almennings og á umhverfið;
- (d) neyðaráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4.

### **4.6 Eftirlit**

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila og gerir eftirlitsskýrslu, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 276/2002. Eftirlit Umhverfisstofnunar með starfseminni fer fram einu sinni á ári fyrstu tvö árin og síðan annað hvert ár. Ef Umhverfisstofnun telur ástæðu til getur eftirlitið orðið tíðar.

## **5. UMHVERFISVÖKTUN**

Umhverfisstofnun getur farið fram á að rekstraraðili taki þátt í eða komi á umhverfisvöktun í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Við gerð vöktunaráætlunar skal rekstraraðili leita umsagnar þeirra aðila sem Umhverfisstofnun tilgreinir hverju sinni.

Áætlanir af þessu tagi skulu taka mið af eðli starfseminnar.

## **6. GJALDSKYLDA**

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu leyfisins og eftirlits skv. gjaldskrá stofnunarinnar.

## **7. GILDISTAKA**

Leyfi þetta er veitt samkvæmt laga um erfðabreyttar lífverur nr. 18/1996 og reglugerðar nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabrettra lífvera, annarra en örvera, og öðlast þegar gildi og gildir til 11. mars 2021.

**Reykjavík 11. mars 2011.**

**Umhverfisstofnun**


Kristín L. Árnadóttir  
forstjóri

Hjalti J. Guðmundsson  
sviðsstjóri

**Reykjavík 29. júní 2012**  
**Umhverfisstofnun**

Breyting á gr. 1.2 leyfisins vegna endurupptöku máls, í samræmi við 24. gr. laga nr. 37/1993 um stjórnsýslu.

  
Gunnlaug H. Einarsdóttir  
staðgengill forstjóra

  
Sigrún Ágústs Ólafsson  
sviðsstjóri